

5. gr.
Námssamningur.

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan námssamning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda ekki talið líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Með námssamningnum skuldbindur atvinnuleitandinn sig til að stunda að fullu starfstengt nám sem hann hefur valið sér í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eftir að færni hans og staða hefur verið metin og greiðir Vinnumálastofnun honum á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Skilyrði er að atvinnuleitandi hafi starfað sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur samfelld á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, þó án tillits til starfshlutfalls skv. 4. mgr. 15. gr. laganna, námið sé viðurkennt sem vinnumarkaðsúrræði, sbr. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir og að það kunni að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að námi loknu að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Jafnframt er það skilyrði að námið sé ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Atvinnuleitandinn skal fullnægja skilyrðum um mætingu sem sett eru um námið sem og önnur skilyrði um reglulega ástundun þess auk þess að eiga regluleg samskipti við ráðgjafa Vinnumálastofnunar meðan á gildistíma námssamnings stendur. Atvinnuleitandinn þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Gildistími hvers námssamnings getur að hámarki verið ein námsönn eða þrettán vikur. Heimilt er að framlengja námssamninginn einu sinni enda hafi atvinnuleitandinn sýnt viðunandi námsárangur og ekki talið líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Sá tími sem hið starfstengda nám sem námssamningur er gerður um skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.